Nr. 66.
10.
nóvbr.

Lög
um
heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 4. gr. í lögum 10. nóvember 1905 um breytingar á lögum 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi höfum látið semja texta síðarnefndra laga, sbr. lög um breyting á þeim 25. sept. 1902, með þeim breytingum, sem nefnd lög 10. nóvember 1905 innihalda, og gefum hann hjer með út sem

lög um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Ráðaneytinu fyrir Ísland heimilast að veita hlutafjelagi, sem þeir hæstarjettarmálafærslumaður Ludvig Arntzen, R. af D., og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, leyfi til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, er nefnist „Íslands banki“, og hafi einkarjett um 30 ára tímabil til að gefa út seðla, er greiðist handhafa með mótuðu gulli, þegar krafizt er. Skal það vera tilgangur Íslands banka, að efla og greiða fyrir framförum Íslands í verzlun, búnaði, fiskiveiðum og iðnaði, og yfir höfuð bæta úr peningahögum landsins, svo sem lög 18. sept. 1885 hafa að augnamiði.

Nánari skilyrði fyrir einkarjetti þessum eru þau, sem hjer segir:

1. gr.

Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, skulu látnir sitja fyrir í 6 mánuði frá því að lög þessi öðlast gildi, að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum með ákvæðisverði, eða með því að gefa út skuldabrjef fyrir hinni sömu upphæð með 1. veðrjett í fasteignum á Íslandi, er þó ekki nemi meiru en 20 % af virðingarverði fasteignanna. Af skuldabrjefum þessum greiðast 4 % í ársvexti, og skal greiðsla á þeim vöxtum tryggð bankanum af landssjóði. Skuldabrjefin mega aðeins nema heilum hundruðum. Útgefendur þeirra og seinni eigendur fasteigna þeirra, sem ræða er um, mega, eptir vild, hvenær sem þeir vilja borga lánið með peningum með sex mánaða uppsögn í 11. júní og 11. desember gjalddaga. Landssjóður hefur heimild til að gjörast hluthafi í bankanum fyrir allt að $^2/_5$ hlutafjárins.

2. gr.

Hlutafje bankans skal eigi nema minna en 2 miljónum króna, og eigi vera meira en 3 miljónir króna. Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. grein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island.

Nr. 66.
10.
Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: At Vi i Henhold til § 4 i Lov af 10de November 1905 om Forandring i Lov af 7de Juni 1902 om Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island have ladet affatte Teksten af sidstnævnte Lov, jfr. Lov om Forandring i denne Lov af 25de September 1902, ændret saaledes som ovennævnte Lov af 10de November 1905 medfører det, og herved udfærdige den som

Lov om Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island.

Ministeriet for Island bemyndiges til at meddele et ved d'Hrr. Højesteretssagfører Ludvig Arntzen, R. af D.. og Grosserer Alexander Warburg, begge af København, repræsenteret Konsortium Tilladelse til at oprette en Aktiebank i Island under Navnet „Islands Bank", der for et Tidsrum af 30 Aar har Eneret til at udstede Sedler, betalbare paa Anfordring til Ihændehaveren med Guldmønt. Islands Banks Opgave skal være at lette og befordre Islands Udvikling i Henseende til Handel, Landbrug, Fiskeri og Industri, samt overhovedet at forbedre Landets Pengevæsen paa den ved Loven af 18de September 1885 tilsigtede Maade. De nærmere Betingelser for denne Eneret ere følgende:

§ 1.

Der gives Indbyggerne paa Island, være sig private, offentlige Kasser eller Stiftelser, for et Tidsrum af 6 Maaneder efter denne Lovs Ikrafttræden, fortrinsvis Ret til at tegne sig for Aktier i Banken, enten ved kontant al pari at indbetale Aktiernes Paalydende, eller for samme at give Forskrivninger med 1ste Prioritets Panteret i Grundejendomme paa Island, inden for 20 pCt. af disses Taksationsværdi, svarende en Rente af 4 pCt. pro anno, hvilken Rente garanteres af Landskassen. Forskrivningerne maa kun lyde paa fulde Hundreder. Det staar til enhver Tid Obligationsudstederne og efterfølgende Ejere af den paagældende Ejendom frit at indfri Laanet mod kontant eller Opsigelse med 6 Maaneders Varsel til 11te Juni eller 11te December Termin. Landkassen har Ret til at blive Aktiehaver i Banken for indtil $^2/_5$ af Aktiekapitalen.

§ 2.

Bankens Aktiekapital skal mindst være 2 Millioner Kroner og ikke over 3 Millioner Kroner. Koncessionshaverne ere forpligtede til al pari at skaffe tegnet den Del af Aktiekapitalen som Indbyggerne paa Island ikke have tegnet sig for i Henhold til § 1.

Nr. 66. 10. nóvbr.

3. gr.

Bankanum skal heimilt að gefa út bankaskuldabrjef, er nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabrjef þau, er hann fær gegn hlutabrjefum samkv. 1. gr., og skulu þá veðskuldabrjefin vera trygging bankaskuldabrjefanna. Nú eru veðskuldabrjef þau, sem 1. gr. ræðir um, innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af þessum bankaskuldaeinnig leyst inn, að undangengnu hlutkesti, með peningum eptir ákvæðisverði.

4. gr.

Íslands banka skal heimilt, eptir því sem viðskiptaþörfin krefur, að gefa út seðla, er nemi allt að $2^1/_2$ miljón króna, og greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafizt er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörzlun sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^3/_8$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skipti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er tryggður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum, er á bankanum hvíla, er nemi jafnmiklu verði.

5. gr.

Til málmforða má teljast:

a) lögleg gjaldgeng mynt eptir því verði, sem myntin til sægir;
b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2,480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;
c) innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka, Englands banka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minnsta kosti $^5/_7$ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks;
d) seðlar gefnir út af:
   Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
   Noregs banka,
   Ríkisbanka Svía,
   Englands banka,
   Skotlands banka,
   Frakklands banka
   og hinum þýzka ríkisbanka.

Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. og d., mega ekki fara fram úr $^1/_4$ alls málmforðans.

6. gr.

Af málmforða bankans skal ávallt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hjer á landi svo mikið, að það svari að minnsta kosti $^3/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sje það gjaldgeng mynt og $^5/_6$ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans.

7. gr.

Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, svo og aðrar kröfur, er hvíla á bankanum, teljast einkum: Skuldabrjef gefin út fyrir lánum gegn handveði.

Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innan lands eða erlendis.

Det skal være Banken tilladt paa Basis af de ved Aktietegningen ifølge § 1 modtagne Prioritetsobligationer at udstede Bankobligationer til samme Beløb, hvorfor de nævnte Prioritetsobligationer tjene som Sikkerhed. Ved eventuelle Indfrielser af de i § 1 omtalte Forskrivninger skal et tilsvarende Beløb af de heromhandlede Bankobligationer efter forudgaaende Lodtrækning indfries mod kontant Betaling af deres paalydende Beløb.

§ 4.

Islands Bank skal være bemyndiget til at udstede Sedler i Forhold til Forretningslivets Krav, indtil et Beløb af $2^1/_2$ Million Kroner, betalbare paa Anfordring til Ihændehaveren med Guldmønt imod at Banken

1. i sin Besiddelse har et Metalfond til Værdi af mindst $^3/_8$ af det til enhver Tid i Omløb værende Seddelbeløb;
2. til Sikkerhed for den Del af Seddelmassen, som ikke dækkes af Metalfondet, saa vel som for andre Banken paahvilende Forpligtelser har i sit Eje let realisable sikre Aktiver af samme Størrelse.

§ 5.

Metalfondet maa bestaa af:

a. lovlig gangbar Mønt efter sammes paalydende Værdi;
b. Guld i Barrer og fremmede Guldmønter til Værdi 2,480 Kr. pr. Kilogram fint Guld.
c. Tilgodehavender betalbare paa Anfordring hos Nationalbanken i København, Norges Bank, Bank of England eller Scotland samt andre Bankinstituter som af i det mindste $^5/_7$ af Medlemmerne af Bankens Repræsentantskab anses for fuldstændig solide og som henregnes til første Klasse,
d. Sedler udgivne af
   Nationalbanken i København,
   Norges Bank,
   Sverigs Riksbank,
   Bank of England,
   Bank of Scotland,
   Banque de France og
   Deutsche Reichsbank.

De under c og d nævnte Dele af Metalfondet maa ikke overstige $^1/_4$ af hele Metalfondet.

§ 6.

Af Bankens Metalfond skal stedse være tilstede i Banken og dens Filialer her i Landet saa meget, at det i det mindste svarer til $^3/_{10}$ Dele af den til enhver Tid omløbende Seddelmasse. Det skal bestaa af gangbar Mønt og $^5/_6$ Del deraf af Guldmønt, dog skal det være tilladt at medregne som værende tilstede i denne Del af Metalfondet det Guld, der kan legitimeres som værende undervejs hertil fra Udlandet indtil 200,000 Kr. ad Gangen. Guldbarrer, som Islands Bank matte have overleveret den kongelige Mønt i København til Udmøntning, kunne ogsaa henregnes til Bankens Møntbeholdning.

§ 7.

Til Aktiver, som kunne tjene til Sikkerhed for de ikke ved Metalfondet dækkede Seddelbeløb og for andre Banken paahvilende Forpligtelser, er navnlig at henregne:

Nr. 66. 10. nóvbr.

Kröfur á hendur útlendum viðskiptamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er.

Opinber verðbrjef eptir gangverði og bankaskuldabrjef þau, sem fyrir hendi eru samkvæmt 3. grein.

8. gr.

Íslands banki skal, á meðan lög þessi eru í gildi, vera eina stofnunin á Íslandi, er rjett hafi til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, og er það ákveðið til tryggingar Íslands banka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, skulu þó vera í fullu gildi, en ekki má auka þá fram yfir það, sem nú er; þeir og seðlar Íslands banka skulu vera hinir einu seðlar, er gilt geti manna á milli og sem tekið skuli við í opinbera sjóði sem reiðu gull væri.

9. gr.

Vegna rjettar þess, er bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háður eptirliti landsstjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í reglugjörð bankans, sem staðfest skal af ráðaneytinu fyrir Ísland. Ráðaneytið samþykkir lögun seðlanna og krónutölu hvers þeirra.

10. gr.

Hver sem býr til eptirmynd seðla, sem útgefnir eru af Íslands banka eða falsar þá, skal sæta sömu hegning sem hin almennu hegningarlög 25. júní 1869, 266. gr. ákveða fyrir að búa til eptirmynd af eða falsa danska mynt eða seðla Þjóðbankans. Glæpurinn er drýgður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn, þótt ekki sje búið að láta hann úti.

11. gr.

Íslands banki skal skyldur að greiða landssjóði gjald á ári hverju, er sje 10 % af árlegum arði bankans, þegar búið er að úthluta hluthöfum 4 % af hlutafje þeirra.

12. gr.

Aldrei má íþyngja Íslands banka með nokkru gjaldi eða skatti, öðrum en þeim, sem nefndur er í 11. gr., meðan hann hefur heimild til seðlaútgáfu samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Mynt sú, sem gjaldgeng er í Danmörku á hverjum tíma sem er, skal vera sú, sem bankinn notar til viðskipta og í bókfærslu sinni.

14. gr.

Jafnvel þótt stimpilgjald verði leitt í lög á Íslandi, má ekkert slíkt gjald leggja á seðla bankans, bækur hans, ávísanir nje skuldbindingar, sem útgefast af honum og í nafni hans, heldur ekki á skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, hlutabrjef bankans eða yfirfærslur á þau, nje á yfirfærslur á bankaskuldabrjef þau, sem nefnd eru í 3. grein.

Forskrivniger paa Laan mod haandfaaet Pant,
Veksler paa Ind- og Udlandet,
Paa Anfordring betalbare Tilgodehavender hos fremmede Korrespondenter,
Offentlige Papirer efter Børskurs og i Behold værende Bankobligationer ifølge § 3.

§ 8.

Islands Bank skal, saalænge nærværende Lov er i Kraft være det eneste i Island berettigede Institut til repræsentative Betalingsmidlers Udgivelser, og bestemmes det til Betryggelse for Islands Bank og Ihændehaverne af dens Sedler, at der ikke, saalænge denne Lov er gældende, skal blive udgivet eller tilstedes at udgive noget saadant Befalingsmiddel. De af Regeringen paa Landskassens Vegne udgivne Sedler beholde dog deres fulde Gyldighed, men Seddelemissionen maa ikke forøges mere end sket er; de og Islands Banks Sedler skulle være de eneste Sedler, der skulle gælde mellem Mand og Mand og modtages ved alle offentlige Kasser lige med rede Guld.

§ 9.

Af Hensyn til Bankens Seddeludgivelsesret underkastes Banken Regeringens Kontrol efter nærmere Bestemmelser i Bankens Statuter, der ville være at stadfæste af Ministeriet for Island, som ligeledes approberer den Form, hvori og de Summer, hvorpaa Sedlerne skulle udfærdiges.

§ 10.

For den som eftergør eller forfalsker de af Islands Bank udstedte Sedler fastsættes samme Straf som i almindelig Straffelov af 25de Juni 1869 § 266 fastsat for Eftergørelse eller Forfalskning af dansk Mønt eller Nationalbankens Sedler. Forbrydelsen er fuldbyrdet, naar Sedlen er blevet forfærdiget eller forfalsket, om den end ikke er udgivet.

§ 11.

Til Landskassen betaler Islands Bank en aarlig Afgift, der svarer til 10 pCt. af Bankens Aarsoverskud, efter at Aktionærerne have ernoldt 4 pCt. af deres Aktier.

§ 12.

Saalænge Islands Bank har Koncession paa Seddeludgivelse overensstemmende med denne Lov, kan den ikke belastes med nogen Afgift udover den i § 11 nævnte.

§ 13.

Den i Danmark til enhver Tid gældende Mønt skal være den, som Banken bruger i sine Omsætninger, og hvori dens Bøger føres.

§ 14.

Selv om Stempelafgift maatte blive indført i Island, skulle Bankens Sedler, Bøger, Assignationer samt alle Slags Forskrivninger, som fra den og i dens Navn udfærdiges, Forskrivninger, hvorved noget overleveres Banken som haandfaaet Pant, Bankens Aktier, Transport paa samme, samt Transport paa de i § 3 omtalte Bankobligationer, ikke kunne paabyrdes nogen saadan Afgift.

Nr. 66. 10. nóvbr.

15. gr.

Bankinn skal sem handveðshafi hafa rjett til þess, ef ekki er öðruvísi um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefur gjört þeim, er veðið hefur sett, aðvart um það með vottum með 30 daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eptir að hafa innkallað hlutaðeiganda með 60 daga fyrirvara til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsingu í blöðum þeim, sem ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar.

16. gr.

Bankinn skal hafa heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík og útibú í hinum stærri kauptúnum Íslands, einkum á Seyðisfirði, Ísafirði og Akureyri.

17. gr.

I fulltrúaráði bankans skulu sitja 7 menn og kýs alþingi 3 þeirra, en hluthafar aðra 3. Ráðgjafi Íslands er sjálfkjörinn formaður fulltrúaráðsins, en landshöfðingi varamaður, og gengur hann að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er eigi sjálfur viðstaddur. Fulltrúaráðið heldur fundi sína í Reykjavík.

Aðalfundir bankans skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið, að halda skuli aðalfund annarstaðar innanlands, þegar því þykir nauðsyn til bera.

Á aðalfundum ræður afl atkvæða, þannig, að hver fundarmaður hefur atkvæði í hlutfalli við þá hlutabrjefaupphæð, sem hann á eða sýnir umboð fyrir.

Nú þykir ráðgjafanum fyrir Ísland einhver ályktun aðalfundar koma í bága við tilgang bankans eptir inngangsorðum þessara laga, og getur hann þá fellt þá ákvörðun úr gildi.

Alþingi kýs á hverju þingi 2 menn til tveggja ára, er mæta skulu á aðalfundi fyrir landssjóðs hönd, og hafa þeir hvor um sig á fundinum jafnt afl atkvæða.

18. gr.

Svo framarlega sem skyldum þeim, sem að framan eru greindar, ekki verður fullnægt af nefndum stofnendum innan 12 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi, er ráðaneytinu fyrir Ísland heimilt að fela stofnun bankans öðru fjelagi, sem kynni að vera fært um að fullnægja hinum ákveðnu skilyrðum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 15.

Banken skal som Haandpanthaver, hvor andet ikke er vedtaget, være beføjet til at iværksætte Pantets Realisation ved offentlig Auklion efter derom vidnefast at have advaret Pantsætteren med 30 Dages Varsel, eller dersom denne ikke kendes, eller hans Bopæl ikke vides, efter med 60 Dages Varsel at have indkaldt vedkommende til at løse Pantet ved en offentlig Bekendtgørelse i de til andre retslige Kundgørelser bestemte Aviser.

§ 16.

Banken skal have Hjemsted, Hovedkontor og Værneting i Reykjavik og Filialer paa de største Handelspladser paa Island, fornemlig i Seydisfjord, Akureyri og Isafjord.

§ 17.

Bankens Repræsentantskab skal bestaa af 7 Medlemmer, hvoraf Altinget vælger 3 og Aktionærerne andre 3. Ministeren for Island er selvskreven Formand i Bankraadet, men Landshøvdingen er Ministerens Suppleant og træder i Ministerens Fraværelse i enhver Henseende i dennes Sted. Repræsentantskabet holder sine Møder i Reykjavik.

Bankens Generalforsamlinger skulle holdes i Reykjavik. Dog kan Bankraadet bestemme et andet Mødested indenlands, naar det finder det nødvendigt.

Paa Generalforsamlingerne raader Stemmeflerhed, saaledes at enhver mødende har Stemme i Forhold til det Aktiebeløb, som han ejer eller fremviser Fuldmagt for.

Finder Ministeren for Island, at en af Generalforsamlingen truffen Beslutning strider imod Bankens Formaal i Følge Intimationen til denne Lov, kan han sætte Beslutningen ud af Kraft.

Altinget vælger i enhver Samling 2 Repræsentanter for 2 Aar for at møde paa Landskassens Vegne paa Generalforsamlingen, hvor de hver for sig have lige mange Stemmer.

§ 18.

Saafremt fornævnte Forpligtelser ikke ere opfyldte af de ovenfor nævnte Koncessionshavere inden 12 Maaneder fra Lovens Ikrafttræden, er Ministeriet for Island bemyndiget til at meddele Koncession paa Aktiebanken til et andet Konsortium, som maatte være i Stand til at fyldestgøre de faststillede Vilkaar.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.